

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Selfoss, 23.11.2023
UST202301-251/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 20. september 2023 - Múlaþing, Brandsbalir

Þann 20. september sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Múlaþings í Brandsbölum í Borgarfirði eystri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Í ársskýrslu sem skilað var inn af rekstraraðila, vantar inn mælingar á samsetningu yfirborðsvatns, magni yfirborðsvatns og stöðu grunnvatns sbr. vöktunaráætlun 4.2 í starfsleyfi. Ber að skila niðurstöðum þeirra skráninga í samræmi við 4.4 í starfsleyfi, samhliða skráningaratriðum sem upp eru taldir í 4.1.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. desember 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur